

## BEIÐNI UM BREYTINGU Á MÓTTAKANDA/GREIÐANDA SENDINGAR

Undirritaðir aðilar óska þess að neðangreind sending/vara verði færð af núverandi móttakanda/greiðanda yfir á nýjan móttakanda/greiðanda og afhent honum. Samkvæmt þessari beiðni verður upplýsingum um móttakanda/greiðanda vöru breytt.

Sölupöntun nr. \_\_\_\_\_

### Núverandi móttakandi/greiðandi er

\_\_\_\_\_

Nafn

\_\_\_\_\_

Kennitala

\_\_\_\_\_

Dags.

\_\_\_\_\_

Undirskrift núverandi móttakanda/greiðanda

### Nýr móttakandi/greiðandi verður

\_\_\_\_\_

Nafn

\_\_\_\_\_

Kennitala

\_\_\_\_\_

Dags.

\_\_\_\_\_

Undirskrift nýs móttakanda/greiðanda

Gegn því að Eimskip verði við framangreindri ósk okkar samþykki við eftirfarandi:

#### Skaðleysisfirlýsing vegna kennitölbreytingar:

Með undirritun sinni staðfesta bæði núverandi greiðandi sem er skráður viðtakandi (e. Consignee) og nýr greiðandi að þeir beri sameiginlega ábyrgð á öllum afleiðingum slíkrar afhendingar og haldi Eimskip skaðlausu af hvers konar kostnaði og tjóni sem af slíkri afhendingu kann að verða. Ábyrgð okkar samkvæmt þessari skaðleysisfirlýsingu er sjálfskuldarábyrgð, hver um sig og saman (*in solidum*), og er ekki háð neinu skilyrði.

Gegn því að þið fallist á beiðni okkar um breytingu á greiðanda reiknings staðfestum við hér með að við munum halda ykkur og öllum starfsmönnum eða undirverktökum ykkar, eftir atvikum, skaðlausum gegn hverjum þeim kröfum sem fram kunna að koma sem afleiðing beiðni okkar. Í því sambandi munum við greiða, strax og krafa um það berst öðrum hvorum okkar eða báðum, allan þann kostnað sem kann að hljóta af því að verja ykkur, starfsmenn ykkar og/eða undirverktaka ykkar gegn hverjum þeim kröfum, sektum eða öðrum viðurlögum sem fram kunna að verða settar vegna þessa, og takist ekki að verja ykkur, starfsmenn ykkar eða undirverktaka munum við, annar hvor eða báðir, greiða tafarlaust hverjar þær skaðabætur, sektir eða annað sem ykkur, starfsmönnum ykkar eða undirverktökum kann að verða gert að greiða vegna þessarar beiðni okkar.

Verði stofnað til málarekstrar af einhverju tagi gegn ykkur, starfsmönnum ykkar eða undirverktökum vegna þessarar beiðni, staðfestum við ennfremur að við munum leggja ykkur til nægjanlegt fé, hverju sinni, til að verjast slíkum málarekstri.

Skaðleysisfirlýsing þessi skal lúta íslenskum lögum og úr ágreiningi sem upp kann að koma skal leyst fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Ef sending er innflutningur og skráð á farmbréf (e. Sea Waybill) verður sendingin afhent nýjum greiðanda.

Gjald er tekið fyrir breytingu á greiðanda reiknings. Gjaldið er samkvæmt gjaldskrá Eimskips hverju sinni og fellur það á greiðanda reiknings.

Vinsamlega sendið beiðnina undirritaða af báðum aðilum til Viðskiptaþjónustu Eimskips í faxnúmer 525 7269 eða sendið skannað í tölvupósti á netfang [service@eimskip.is](mailto:service@eimskip.is).